

BRÁÐABIRGÐALÖG

67

16. júní

um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót
á laun skólastjóra og kennara við barnaskóla.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að nauðsynlegt sé að setja bráðabirgðalög um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða sömu uppbætur á þann hluta launa skólastjóra og kennara barnaskólanna, sem bæjar- og sveitarsjóðir greiða, eins og ríkissjóður greiðir á sinn hluta launanna árin 1949 og 1950. Ákvæðin um launauppbót voru sett af Alþingi með það fyrir augum, að allir, sem laun taka samkvæmt launalögum, skyldu verða þeirra aðnjótandi á öll sín grunnlaun. Hins vegar fólst ekki í þeim lagaleg skylda fyrir bæi og sveitarfélög að inna þessar greiðslur af hendi, og í framkvæmdinni hefur það orðið þannig: að um helmingur bæjar- og sveitarfélaga hafa greitt uppbætur á laun skólastjóra og kennara barnaskólanna, en aðrir ekki.

Með því að vér föllumst á, að brýna nauðsyn beri til þess, að bæjar- og sveitarsjóðir séu nú þegar skyldaðir til að inna þessar greiðslur af hendi, gefum vér út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Bæjar- og sveitarsjóðum ber að greiða sömu uppbætur á þann hluta grunnlauna skólastjóra og kennara við barnaskóla, sem greiða á úr bæjar- og sveitarsjóðum, samkv. 15. gr. launalaga nr. 60 1945, eins og ríkissjóður hefur greitt á sinn launahluta árin 1949 og 1950, samkv. þingsályktunum frá 18. maí og 20. des. 1949, og ber að greiða frá 1. júní til áramóta 1950, samkvæmt ákvæði 19. gr. 2. lið fjárlaga fyrir árið 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. júní 1950.***Steingrímur Steinþórsson.****Jón Pálmason.****Þórður Eyjólfsson.**

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.